



NIÐURSTÖÐUR BARNAPINGS 2025

Umboðsmaður barna boðar til þings um málefni barna annað hvert ár þar sem farið er yfir stöðu og þróun á málefnum barna á helstu sviðum samfélagsins. Verndari barnaþings er frú Vigdís Finnbogadóttir.

Nánar á www.barnathing.is

21

NÓVEMBER

20
25



VELKOMIN Á
BARNAPING
≡ 2025 ≡



FRÁ UMBOÐSMANNI BARNNA

Embætti umboðsmanns barna kynnir með stolti niðurstöður fjórða barnaþingsins sem haldið var 21. nóvember 2025. Óhætt er að segja að barnaþing sé eitt af ánægjulegustu og jafnframt mikilvægustu verkefnum embættisins. Þann tíma sem ég hef gegnt embætti umboðsmanns barna hef ég lagt áherslu á að auka lýðræðislega þátttöku barna og tækifæri þeirra til að hafa áhrif á ákvarðanir stjórnvalda. Það var þess vegna mikilvægur áfangi að fá samþykktar breytingar á lögum um umboðsmann barna árið 2018 sem kveða m.a. á um að barnaþing skuli haldið annað hvert ár. Með þeirri lagabreytingu var stigið mikilvægt skref í átt að því að styrkja formlega þátttöku barna í opinberri stefnumótun og tryggja að raddir þeirra fái aukið vægi. Frá því barnaþing var fyrst haldið 2019 hefur umgjörð þingsins styrkst og það er sérstaklega ánægjulegt að unnið verði með niðurstöður þessa þings samkvæmt nýju verklagi sem stjórnvöld hafa samþykkt, og mun það tryggja enn frekari áhrif barnaþings innan stjórnkerfisins.

Samtalið við börnin og tillögurnar sem þingið skilar hafa ætíð dýpkað sýn embættisins á stöðu barna í samfélaginu og verið mikilvægur vegvísir í öllu starfi þess. Eftir áratuga samráð við börn þekkir embættið vel hve mikilvægt er að fá sjónarhorn barna í alla ákvarðanatöku enda koma börnin gjarnan með sýn sem fullorðnum yfirsést.

Hingað til hefur umgjörð barnaþinga verið með svipuðum hætti þó einhverjar breytingar hafi orðið frá einu þingi til annars. Stuðst hefur verið við úrtak úr Þjóðskrá til að tryggja fjölbreytileika barnanna sem þingið sækir og þátttöku hvaðanæva að af landinu. Þingið hefur frá upphafi verið haldið í Hörpu sem veitir viðburðinum virðulegan blæ á sama tíma og Harpa er aðgengileg og hentar vel viðburðum með börnum. Þá hefur ætíð verið lögð áhersla á að allt skipulag sé á forsendum barnanna sjálfra, en þau hafa ráðið mestu um umræðuefni þingsins og skemmtiatriði og hefur umboðsmaður notið dyggrar aðstoðar ráðgjafarhóps embættisins við alla skipulagningu. Loks hefur verið lögð áhersla á þátttöku þingmanna og ráðherra á viðburðinum sjálfum en fullorðnum er boðið til þátttöku eftir hádegi á þingdeginum til samræðu við börnin. Allt hefur þetta skipt máli og fest þingið í sessi sem einn mikilvægasta samráðsvettvang stjórnvalda við börn.

Áhugi og þátttaka barna er forsenda þess að hægt sé að halda barnaþing. Það hefur verið einstaklega ánægjulegt fyrir mig að sjá þingið vaxa og dafna, upplifa þann mikla kraft sem býr í börnunum okkar og fylgjast með þeim ræða fjölbreytt málefni sem liggja þeim á hjarta. Ég vil þakka öllum þeim börnum sem hafa tekið þátt í barnaþingi hingað til. Þá þakka ég ráðherrum, þingmönnum, sveitarstjórnarfólki, fulltrúum félagasamtaka og stofnana og öðrum sem sóttu þingið. Loks færi ég samstarfsfólki og öllum þeim sem komu að skipulagningu þingsins mínar bestu þakkir.

Ég vona að barnaþing eigi sér langa framtíð, valdefli öll þau börn sem það sækja og auki áhrif barna á ákvarðanatöku, til heilla fyrir samfélagið allt.

Salvör Nordal,
Umboðsmaður barna

INNGANGUR

Barnaþing umboðsmanns barna var haldið í fjórða sinn í Hörpu þann 21. nóvember 2025. Alls tóku um 140 börn víðsvegar að af landinu þátt á þinginu. Þingið var haldið með þjóðfundarformi, en markmið þingsins er að efla lýðræðislega þátttöku barna, virkja þau í umræðu um málefni sem snerta þau og veita þeim tækifæri til að koma sínum áhersluatriðum á framfæri.

Samkvæmt lögum um umboðsmann barna nr. 83/1994 skal umboðsmaður barna boða til þings um málefni barna annað hvert ár og skulu niðurstöður og ályktanir þingsins kynntar ríkisstjórn. Á þinginu skal fjalla um málefni barna og skal boða fjölbreyttan hóp barna til þingsins, alþingismenn og fulltrúa stofnana ríkis og sveitarfélaga, auk fulltrúa aðila vinnumarkaðarins og frjálsra félagasamtaka sem koma að málefnum barna.

Barnaþing er mikilvægur liður í því að veita sjónarmiðum barna farveg inn í opinbera umræðu og stefnumótun í samræmi við 12. gr. Barnasáttmálans og hefur þingið fest sig í sessi sem þýðingarmikill samráðsvettvangur við börn og einstakt tækifæri fyrir stjórnvöld til þess að taka þátt í umræðum við fjölbreyttan hóp barna.

Líkt og á fyrri þingum sendi umboðsmaður barna boðsbréf í pósti til 350 barna, á aldrinum 11-15 ára, sem valin voru með slembivali úr Þjóðskrá Íslands. Í slembivalinu var gætt að kynjahlutfalli, aldurshlutfalli og búsetu þátttakenda. Tilgangur þess er að fá til þátttöku fjölbreyttan hóp barna á þinginu. Af þeim 350 börnum sem fengu boðsbréf voru 200 börn, eða 57%, búsett á höfuðborgarsvæðinu, og 150 börn, eða 43%, búsett á landsbyggðinni. Þá var fulltrúum úr ráðgjafarhópi umboðsmanns barna boðið að taka þátt á þinginu. Þar að auki var börnum sem tilheyra jaðarsettum hópum á Íslandi sérstaklega boðið að taka þátt. Þar má nefna sem dæmi að sex börn frá ungmennaráði Gló tóku þátt á þinginu eftir að hafa fengið boð um þátttöku frá umboðsmanni barna.

Ávallt er lögð rík áhersla á að tryggja velferð og öryggi barna á barnaþingi. Á þinginu var starfandi hjúkrunarfræðingur sem börnin gátu leitað til auk þess sem hvíldarrými var til staðar ef börnin þurftu á hvíld að halda. Þá var sérstakt stuðningsteymi með sex sérfræðingum í þátttöku barna með sértækar þarfir einnig til staðar til þess að aðstoða þau börn sem á þurftu að halda og tryggja að öll börn gætu tekið þátt í þinginu á sínum forsendum.

FERÐIR BARNAPINGMANNA KOLEFNISJAFNAÐAR

Í samræmi við áherslur barnaþingmanna á umhverfis- og loftslagsmál og umhverfisvæna samgöngumáta eru ferðir barnaþingmanna á þingið kolefnisjafnaðar með gróðursetningu plantna í Vinaskógi við Þingvelli. Umhverfismál eru börnum afar hugleikin og hefur mikil áhersla verið lögð á þau málefni í umræðum á öllum barnaþingum. Þann 16. september 2024 gróðursettu börn úr sjötta bekk í Vesturbæjarskóla, í samstarfi við umboðsmann barna, trjáplöntur í Vinaskógi í tilefni af barnaþingi. Vinaskógur var stofnaður í tilefni Landgræðsluskógaátaksins árið 1990 og átti frú Vigdís Finnbogadóttir hugmyndina að honum og er hún verndari hans. Frú Vigdís Finnbogadóttir er jafnframt verndari barnaþings og því er vel við hæfi að velja Vinaskóg til gróðursetningarinnar. Skógræktarfélag Íslands hefur umsjón með gróðursetningu og umhirðu Vinaskógar, og var verkefnið unnið í samstarfi við félagið.

UNNIÐ MEÐ NIÐURSTÖÐUR BARNAPINGS

Eftir hvert barnaþing hafa fulltrúar úr ráðgjafarhópi umboðsmanns barna afhent ríkisstjórn Íslands skýrslu með niðurstöðum þingsins. Þessar skýrslur hafa að geyma fjölbreyttar tillögur og óskir barna sem varða flesta þætti samfélagsins. Það eru mikil verðmæti fólgin í því samráði sem fram fer á barnaþingi og skýrslurnar sem greina frá niðurstöðum hvers þings eru mikilvægt innlegg fyrir stefnumótun stjórnvalda. Sérstök umræða var á Alþingi um niðurstöður barnaþings og tillögur barnaþingmanna þann 9. júní 2022. Þar flutti þáverandi forsætisráðherra, Katrín Jakobsdóttir, munnlega skýrslu um niðurstöður barnaþings.

Þegar börn eru kölluð til samráðs skiptir miklu að búið sé svo um hnútana að þau geti raunverulega sagt það sem þeim finnst, að hlustað sé á skoðanir þeirra og að mark sé tekið á þeim. Það er mikilvægt að niðurstöður barnaþings hverju sinni séu nýttar við stefnumótun og ákvarðanatöku stjórnvalda. Það er þess vegna afar ánægjulegt að samþykkt hafi verið nýtt verklag sem hefur það að markmiði að niðurstöður barnaþings verði nýttar með markvissum hætti við opinbera stefnumótun hjá stjórnvöldum og að eftirfylgni með niðurstöðunum innan Stjórnarráðsins verði tryggð. Verklagið var unnið í mennta- og barnamálaráðuneytinu, í samvinnu við umboðsmann barna. Því er ætlað að styðja við markvissa nýtingu niðurstöðna barnaþings og felur m.a. í sér að umboðsmaður barna kynni niðurstöður barnaþings fyrir stýrihópi Stjórnarráðsins í málefnum barna. Fulltrúar ráðuneyta í stýrihópnum eru ábyrgir fyrir því hvernig niðurstöðurnar eru nýttar innan ráðuneytanna, ásamt því að veita umboðsmanni barna upplýsingar um hvernig eftirfylgninni er háttað.

Það getur verið erfitt að greina öll þau áhrif sem barnaþing hefur haft hingað til enda hafa áhrifin bæði verið formleg og óformleg. Að mati umboðsmanns barna var því mikilvægt að gera sérstaklega grein fyrir þeim áhrifum sem þátttaka barna á barnaþingi hefur haft fram til þessa og hvernig hafi verið unnið með niðurstöður frá fyrri barnaþingum innan Stjórnarráðsins. Umboðsmaður barna óskaði þess vegna eftir upplýsingum frá öllum ráðuneytum um hvort og þá hvernig brugðist hafi verið við niðurstöðum barnaþings árin 2019, 2022 og 2023 innan viðkomandi ráðuneytis. Grein er gerð fyrir svörum ráðuneytanna í skýrslunni Réttindi barna og Barnasáttmálinn, skýrsla um stöðu barna sem birt var í tengslum við barnaþing þann 21. nóvember 2025 og finna má á vefsíðu embættisins.

UNDIRBÚNINGUR BARNAPINGMANNA

Barnapingmenn tóku þátt í tveimur undirbúningsfundum fyrir barnaping. Fyrri fundurinn fór fram í október og sá seinni í nóvember. Einnig var haldinn upplýsingafundur fyrir forsjáraðila barnanna. Á fundunum var barnaping kynnt fyrir barnapingmönnum og farið var yfir dagskrá þingsins. Þar að auki fór fram hugmyndavinna fyrir þingið þar sem barnapingmönnum gafst tækifæri á að móta hugmyndir sínar.

Á haustmánuðum 2025 auglýsti embættið eftir ungu fólki til þess að vera borðstjórar á umræðuborðum á barnapingi. Sérstaklega var leitað eftir ungu fólki á aldrinum 18-30 ára með haldbæra reynslu af því að starfa með börnum. Borðstjórar tóku þátt í undirbúningsfundum fyrir barnapingið þar sem farið var yfir framkvæmd þingsins og áherslur í vinnu og samskiptum við barnapingmenn.



BARNAPINGMENN HEIMSÓTTU ALÞINGI

Á barnapingi 2023 gafst barnapingmönnum tækifæri á að heimsækja Alþingi degi fyrir sjálft þingið. Sú heimsókn heppnaðist einstaklega vel og var hún því endurtekin fyrir barnaping 2025. Barnapingmönnum var að þessu sinni boðið í Smiðju, skrifstofuhúsnæði Alþingis, þar sem þau fengu kynningu á sögu Alþingis frá starfsfólki. Þá kom forseti Alþingis og ræddi við börnin ásamt nokkrum þingmönnum, og fóru þau yfir störf þingsins og svöruðu spurningum barnapingmanna. Að lokum fengu börnin að skoða þinghúsið. Mikil ánægja var með heimsóknina og góðar móttökur starfsfólks Alþingis.



DAGSKRÁ ÞINGSINS

Salvör Nordal, umboðsmaður barna setti barnaþingið kl. 9.00 þann 21. nóvember og Sigyn Blöndal sá um fundarstjórn. Gunnar Helgason opnaði þingið með skemmtilegum hætti og hvatti barnaþingmenn áfram fyrir vinnu dagsins. Í upphafi þingsins var barnaþingmönnum skipt niður á borð með borðstjórum og gerðu þau með sér sáttmála um samskipti sín á milli til þess að hafa að leiðarljósi við vinnu dagsins. Að þessu sinni voru börnin beðin um að ræða sérstaklega um síma og snjalltæki áður en hefðbundin umræða fór fram um áhersluatriði barnanna. Þar gafst barnaþingmönnum tækifæri á að koma hugmyndum sínum og sjónarmiðum á framfæri um allt það sem þeim finnst skipta mestu máli fyrir réttindi barna.

Dagskrá þingsins var reglulega brotin upp með fjölbreyttum hætti. Ráðgjafarhópur umboðsmanns barna stóð fyrir leikjum og keppt var í skæri, blað, steinn. Þá mætti Birta Sólveig Sörin Þórisdóttir sem Lína Langsokkur og flutti lög úr leikritinu um Línu.

Eftir hádegi mættu fullorðnir gestir, þar á meðal þingmenn og ráðherrar, og tóku þátt í umræðum á borðunum með börnunum þar sem málefni barna voru rædd. Í kjölfarið á umræðunum tóku ráðherrar sér sæti á sviði og svöruðu spurningum barnanna. Það voru þau Krístrún Frostadóttir, forsætisráðherra, Guðmundur Ingi Kristinsson, þáverandi mennta- og barnamálaráðherra, Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, dómsmálaráðherra, Logi Einarsson, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra, Alma Möller, heilbrigðisráðherra, Daði Már Kristófersson, fjármála- og efnahagsráðherra, og Inga Sæland, þáverandi félags- og húsnæðismálaráðherra, sem sátu fyrir svörum. Að lokum stigu þau Dís og Júlí Heiðar á svið og fluttu nokkur lög við mikinn fögnuð viðstaddra.



SAMSKIPTASÁTTMÁLI

Líkt og á fyrri barnaþingum settu barnaþingmenn sér samskiptasáttmála. Í ár var áhersla lögð á jákvæðni og kurteisi, að bera virðingu fyrir öðrum og vera óhrædd við að láta skoðanir sínar í ljós. Barnaþingmenn vildu einnig að öll börn á barnaþingi gætu verið þau sjálf. Þar að auki skipti máli að hlusta hvert á annað og vinna saman á uppbyggilegan hátt. Þau vildu ekki skilja neinn út undan, nota blótsyrði eða grípa fram í fyrir öðrum. Þá fannst barnaþingmönnum mikilvægt að ekki mætti sýna öðrum dónaskap eða fordóma á barnaþingi.

SÍMASÁTTMÁLI

Á undanförunum mánuðum hefur notkun síma og samfélagsmiðla á meðal barna verið mikið til umræðu í samfélaginu. Margir hafa tjáð skoðanir sínar á málefninginu, þar á meðal ráðherrar, þingmenn og kennarar en verulega hefur skort á að börn séu innt eftir þeirra skoðunum. Að mati umboðsmanns barna var þess vegna brýnt að veita börnum tækifæri til þess að ræða notkun síma og samfélagsmiðla. Sérstök umræða fór fram um þessi málefni á þinginu, þar sem barnaþingmenn kusu um þær tillögur sem fram komu. Að þeirri vinnu lokinni var Símasáttmáli barnaþingmanna 2025 mótaður sem sameiginleg niðurstaða og afurð þingins.

Barnaþingmenn voru eðli máls samkvæmt með ólíkar skoðanir um notkun síma og samfélagsmiðla. Samhljómur var um að mikilvægt sé að foreldrar fylgist vel með símanotkun barnanna sinna, og að þau eigi einnig að vera góðar fyrirmyndir með sína eigin notkun á sínum og samfélagsmiðlum. Meirihluti barnaþingmanna vildi banna eða takmarka notkun síma í skólum og börnin komu með fjölbreyttar hugmyndir um hvar og hvenær síminn eigi að vera bannaður í skólanum. Skiptar skoðanir voru um hvort banna ætti síma í frímínútum en þeir sem voru fylgjandi því bentu á að krakkar tali frekar saman og leiki sér í frímínútum ef það má ekki nota síma. Ef banna á síma í frímínútum vilja barnaþingmenn að komið sé til móts við börnin með því að bjóða upp á aðra spennandi afþreyingu.

Barnaþingmenn voru sammála um að aldurstakmörk eigi að vera á samfélagsmiðlum. Mörg börn tóku fram að það sé mikilvægt að eiga í samskiptum í raunheimum en ekki eingöngu í símanum. Þá sé mikilvægt að börn segi frá því ef þau eru lögð í einelti á netinu. Barnaþingmönnum fannst mikilvægt að börn væru meðvituð um hvað þyrfti að varast á internetinu, þ. á m. ekki tala við ókunnuga og spyrja hvort maður megi birta myndir áður en þær fara í birtingu.

SÍMASÁTTMÁLI BARNAPINGMANNA 2025



Foreldrar eiga að vera góðar fyrirmyndir



Engir símar við matarborðið



Skýrar reglur um notkun síma í skólum



15 ára aldurstakmark á samfélagsmiðla



Tölum meira saman og verum minna í símanum



Komum vel fram við aðra í samskiptum á netinu




Verum meðvituð um öryggi okkar og annarra á netinu




**SAMANTEKT
Á HELSTU
ÁHERSLUMÁLUM
Á BARNAPINGI 2025**

NIÐURSTÖÐUR




Skýrara og jafnara einkunnakerfi




Aðgengilegri íþróttir og tómstundir óháð efnahag



Betri og fjölbreyttari mat í grunnskóla sem ekki þarf að borga fyrir



Að hlustað sé á börn og mark tekið á skoðunum þeirra



Betri samgöngur



Góð bókasöfn og gott aðgengi að þeim



Frítt í strætó



MENNTUN & SKÓLI

Barnþingmenn vilja meira samræmi í kennslu og einkunnagjöf í skólum landsins. Börnin vilja að bókstafakerfið verði lagt niður við einkunnagjöf og tölustafakerfi tekið upp aftur. Þeim finnst bókstafakerfið vera óskýrt í framkvæmd og að það leiði til ójafnvægis milli skóla í einkunnagjöf. Þá skipti einnig máli að samræma kennslu í skólum, svo öll börn læri það sama.

Barnþingmenn lögðu áherslu á að öll börn megi vera eins og þau eru í skólanum, og að kennarar eigi að bera virðingu fyrir skoðunum nemenda. Mikilvægt sé að sérkennsla sé í boði fyrir þau börn sem þurfa á stuðningi að halda við námið og að aukakennarar geti aðstoðað við kennslu í bekkjum þar sem þarf aukinn stuðning.



„Óskýrt og ójafnt einkunnakerfi“

„Kennarar beri virðingu fyrir hugmyndum nemenda“



Barnþingmenn voru ekki sammála um hvenær skóli ætti að hefjast á daginn. Sumir barnþingmenn voru á því að seinka upphafi skóladags verulega en aðrir vildu alls ekki að fyrsti tími í skólanum hæfist seinna en klukkan 08:30. Flest börnin vildu þó að skóladagurinn væri styttri. Þá vildu barnþingmenn að jóla- og sumarfrí yrðu lengd, sem og matartími og frímínútur. Þeim fannst skipta máli að börn í skólum fái meiri frjálsan tíma yfir daginn og að fjölbreyttari afþreying og leiktæki séu í boði í skólanum og á skólalóðinni.



„Styttri skóladagar“

„Matartími í skólum og frímínútur lengri“



Barnábingmenn vilja að reglur fyrir heimakennslu séu rýmkaðar og að dregið sé úr heimanámi. Þá var hópur barnábingmanna sammála um að það ætti að kenna fleiri erlend tungumál í skólum en ensku og dönsku, til dæmis sænsku, norsku eða spænsku. Sumir barnábingmenn vildu þó að dönskukennsla væri alfarið lögð niður. Misjafnar skoðanir voru á íprótta- og sundkennslu í skólum. Sumir barnábingmenn vilja að íprótta- og sundtímar verði valfrjalsir en ekki skylda í 8.-10. bekk en aðrir vilja að tímunum sé fjölgað.

„Læra annað tungumál sem er meira alþjóðlegt en danska“

„Skólasund einu sinni í mánuði“

Barnábingmönnum finnst skipta máli að hafa góða kennara sem hafa metnað fyrir því að kenna. Þau lögðu til að kennaranámið yrði styttilt til þess að fá fleiri í námið sem hafa mikinn áhuga á því að kenna, ásamt því að hækka laun kennara. Þau vilja að kennarar tali góða íslensku og leggi áherslu á að kenna íslensku. Sumir barnábingmenn vildu einnig að stærðfræði- og vísindakennsla verði bætt.

„Góðir kennarar sem hafa áhuga á efninu sem þeir kenna og krökkunum líka“

Þetta er alltaf flókið

Það þarf að samræma einkunnir milli skóla



Barnþingmenn vilja að nemendur séu sérstaklega hvattir til lesturs og að úrval af bókum á skólabókasöfnum sé fjölbreyttara. Þá kom einnig fram að barnþingmenn vilja hafa meiri stjórn á því hvað þau læra í grunnskóla. Þau vilja m.a. læra skyndihjálp, fá betri kynfræðslu, læra táknmál, læra um mikilvægi andlegrar og líkamlegrar heilsu, fara í fleiri lífsleiknitíma, fá undirbúningskennslu fyrir bílpróf og fá betri fræðslu um fíknisjúkdóma og áfengisnotkun. Þá ættu öll börn í skólanum að fá sömu kennslu og stuðning, óháð kyni, uppruna eða kynhneigð. Sumir barnþingmenn lögðu til að símar verði bannaðir í frímínútum en ekki allir voru sammála því. Þó voru barnþingmenn sammála um að kennarar eigi ekki að vera í símanum í kennslustundum.



„Skemmtilegri og fleiri bækur á bókasafni í skólanum“

Barnþingmenn vilja að bæði sálfræðingar og hjúkrunarfræðingar séu starfandi í öllum skólum til þess að styðja við nemendur. Upp kom sú hugmynd hjá barnþingmönnum að sérstakt hvíldarherbergi ætti að vera til staðar í skólum og að börn geti farið þangað inn ef þau þurfa að hvíla sig. Þá var ákall eftir því á meðal barnþingmanna að betur verði tekið á ofbeldi og einelti í skólum. Barnþingmenn vilja að næringarríkari matur sé í boði í skólunum, sem eigi að vera gjaldfrjáls og aðgengilegur fyrir öll börn. Þar að auki ætti skólarúta að vera í boði fyrir öll börn til þess að komast í og úr skóla.



„Stöðvum einelti“

„Betri matur í skólanum“

Barnþingmenn vilja að íslenskukennsla sé bætt fyrir erlenda nemendur. Fram kom að erlendir nemendur eigi fyrst að fá tækifæri á að læra íslensku í öruggu umhverfi og komi inn í bekkina þegar þau hafi náð tókum á íslenskunni. Þeim finnst að nemendur einangrist frekar ef þeir læra ekki íslensku áður en þeir koma inn í bekkina.



ÍPRÓTTIR OG TÓMSTUNDIR

Miklar umræður fóru fram hjá barnaþingmönnum um þátttöku barna í ípróttu- og tómstundastarfi. Mikið ákall var eftir því að gjaldfrjálst verði fyrir börn undir 18 ára að fara í sund. Barnaþingmenn vildu einnig að betra aðgengi væri að ípróttum og tómstundum fyrir öll börn, og fram kom að mikilvægt sé að tryggja þátttöku barna af erlendum uppruna, barna af efnaminni heimilum og barna með fatlanir. Miklar umræður voru á meðal barnaþingmanna um háan kostnað við ípróttu- og tómstundaiðkun. Barnaþingmenn hafa áhyggjur af því að frístundastyrkur sé ekki nægilega hár og að slíkt komi niður á ákveðnum hópum barna. Lausnin sé að hækka frístundastyrk verulega eða jafnvel gera allt ípróttu- og tómstundastarf gjaldfrjálst fyrir börn. Barnaþingmenn vilja einnig að ípróttafélögin leggi meiri áherslu á yngri flokka í ípróttum og að öll börn fái að spreyta sig í æfingum og keppnum óháð getu. Barnaþingmenn utan af landi sögðu frá því að færri ípróttagreinar og tómstundir stæðu börnum til boða sem búa utan höfuðborgarsvæðisins. Því sé oft á tíðum ómögulegt fyrir börn af landsbyggðinni að stunda þá íprótt eða tómstund sem þau helst óska sér. Mikilvægt væri að börn af landsbyggðinni hefðu aðgengi að fjölbreyttara ípróttu- og tómstundastarfi.

„Þegar frístundastyrkur hækkar, af hverju hækka þá ípróttafélög æfingagjöldin?“

„Ípróttir og tómstundir hjálpa að undirbúa mann fyrir lífið“

„Allir eiga rétt á því að stunda þá tómstund sem þeir vilja sama þótt að þau hafi ekki efni á því“

„Fleiri ípróttir úti á landi“

Barnáþingmenn vildu einnig öflugri félagsmiðstöðvar um allt land, sem og fjölbreyttara félagslíf fyrir börn og ungmenni. Fram kom að hægt væri að halda fleiri viðburði fyrir börn og ungmenni þar sem þau hefðu tækifæri til að hittast og kynnst innbyrðis. Mikilvægt væri að fjölga göngu- og útisvæðum um allt land og gefa þannig börnum og ungmennum kost á að gera eitthvað skemmtilegt úti á öruggum stað. Einnig var ákall eftir því að efla tónlistarnám og bjóða upp á fjölbreytt hljóðfæri til þess að læra á. Barnáþingmenn vildu einnig bókasöfn um allt land og að bókasöfn væru aðgengileg fyrir börn, og að þar væru bækur og efni fyrir börn og ungmenni.


„Efla tónlistarnám, hvetja krakka og foreldra að byrja í tónlistarnámi: kostir við tónlistarnám, heilinn virkjast og bæði heilahvelin vinna saman, eykur minni“

„Fleiri göngusvæði til dæmis upp á fjall og svleiðis“

„Skemmtilegri hluti til að gera úti frítt og hafa einhvern klúbb eða eitthvað til að hafa meira gaman og vera úti“

„Góð bókasöfn og gott aðgengi að þeim“

BETRA AÐGENGI AÐ
FJÖLBREYTTUM ÍPRÓTTUM
FYRIR ÖLL BÖRN!



MEIRI
HINSEGINFRÆDSLUM
Í GRUNNSKÓLUM!



okkur finnst
mikilvægt að
ræddir barna
heyrist **HÁTT!**



RÉTTINDI & FRELSI

Á þinginu kom fram að mikilvægt sé að börn hafi frelsi til þess að tjá sig og koma skoðunum sínum á framfæri. Fram kom að mikilvægt sé að fullorðnir hlusti á hugmyndir barna og tryggi réttindi þeirra til menntunar. Öll börn eigi að fá sömu tækifæri og þess vegna sé einnig mikilvægt að hjálpa börnum sem eiga fjölskyldur í fjárhagslegum vanda eða börnum sem glíma við andleg eða líkamleg veikindi. Þá verði einnig að tryggja öryggi barna á netinu og vernda þau fyrir óviðeigandi efni. Barnaþingmenn vilja að auki að fullorðnir dragi úr símanotkun í kringum börn. Börnin vilja að fullorðnir fái meiri fræðslu um fjölbreytileika og að jafnrétti kynjanna sé tryggt. Þá kom fram vilji barnanna um að útivistartíminn verði lengdur.

„Mér finnst mikilvægast að þegar börn meiðast að þá þarf að hjálpa þeim“

„Allir mega fá að borða 6 sinnum á dag“

„Allt sé jafnt á milli allra, t.d. á milli fólks sem býr út á landi og höfuðborgarsvæðinu“

„Færa útivistartímann til kl. 21 á kvöldin til að vera lengur með vinum sínum eða fara í sund“

„Að öll börn mennti sig og fari í skóla og öll börn eiga að fá mat, föt og hús“

Barnáþingmenn vilja að öll sveitarfélög á landinu séu barnvæn sveitarfélög. Þá sé einnig mikilvægt að stjórnvöld hlusti á skoðanir barna og taki ekki ákvarðanir sem varða börn án þess að gera það í samráði við börn. Þá vilja barnáþingmenn að stjórnmalafólk leggi sig fram við að gera heiminn að betri og friðsælli stað þar sem öryggi allra barna sé tryggt. Þau vilja að úrræði fyrir börn á flótta og innflytjendur séu betrumbætt og að Ísland styrki börn í neyð erlendis. Hækkandi verð á húsnæði, mat og vörum var einnig til umræðu á meðal barnáþingmanna sem telja að nauðsynlegt sé að stjórnmalafólk beiti sér fyrir því að verð á húsnæði og nauðsynjavörum lækki. Einnig kom fram að það þurfi að auka atvinnutækifæri fyrir þau ungmenni sem hafa getu og þroska til að vinna, og jafnvel að aldurstakmörk fyrir vinnu séu lækkuð. Þó þurfi líka að passa að börn fái hvíld við hæfi, og lögðu barnáþingmenn til að helgin yrði lengd úr tveimur dögum í þrjá. Jafnframt vilja barnáþingmenn meiri fræðslu í skólum um stjórnmal og að stjórnmalafólk séu fyrirmyndir fyrir börn og ungmenni.

„Að stjórnmalafólk sjái það sem skyldu sína að gera allt í sínu valdi til þess að gera heiminn betri“

„Þriggja daga helgarfrí“

„Af hverju er svona dýrt að kaupa í matinn?“

„Vernda betur fólk og banna stríð og hluti sem meiða fólk og dýr“

„Hlusta og trúna börnum“





Barnáingmenn vilja að aðgengi fatlaðra sé bætt á Íslandi. Þeim finnst Ísland ekki fylgja nægilega vel eftir 23. gr. Barnasáttmálans, en þar kemur fram að fötluð börn eigi rétt á því að lifa við aðstæður sem gerir þeim kleift að lifa eins góðu lífi í samfélaginu og mögulegt er. Barnáingmenn vilja fá lyftur og rampa í alla skóla, og vilja að skólakerfið taki betur tillit til barna með fatlanir. Þá finnst þeim að ríkið eigi að útvega fötluðum börnum hjólastóla og hjálpertæki gjaldfrjálst, enda séu kaup á slíkum tækjum mjög kostnaðarsöm fyrir fjölskyldur. Jafnframt vilja barnáingmenn að miðlað efni sé gert aðgengilegra fyrir heyrnarlausa og blinda.

„Bæta aðgengi fyrir fatlaða á Íslandi“

„Að ríkið útvegi hjálpertæki fyrir fatlað fólk af því það eiga ekki allir pening til að kaupa það sjálf. Skortur á hjálpertækjum er skortur á frelsi“

HEILBRIGÐISMÁL & HEILSA

Skýrt ákall kom fram um bætt aðgengi barna að heilbrigðisþjónustu og að hún eigi að vera gjaldfrjál. Þá fannst þeim mikilvægt að boðið væri upp á niðurgreiðslu á öllum sálfræðitímum fyrir börn og ungmenni.

„Öll börn eiga rétt á aðgengi að heilbrigðisþjónustu“

„Fleiri spítalar um allt land“

„Niðurgreiddir/fríir sálfræðitímar“

Af hverju
niðurgreiddið þið
ekki sálfræðitíma
fyrir börn?

Það er rétt,
aðgengið þarf
að vera betra



Í umræðum barnaþingmanna var mikið rætt um lýðheilsu barna og ungmenna. Barnaþingmenn vilja að réttur barna til hvíldar, hreyfingar og tómtunda sé tryggður. Þá eigi öll börn að hafa aðgang að hollum og næringarríkum mat.

„Börn fái nægan svefn“



„Öll börn eiga rétt á hvíld“

„Að allir geti fengið þá hreyfingu sem þau þurfa“



„Hollur matur ódýr og óhollur matur dýrari“

Barnaþingmönnum finnst mikilvægt að úrræði fyrir börn með fíkn- og hegðunarvanda séu bætt. Þá vilja þau einnig að lögð sé áhersla á að stytta biðlista barna eftir greiningum og faglegri aðstoð. Að lokum vilja barnaþingmenn að réttindi trans barna séu tryggð og að öll börn fái fræðslu um minnihlutahópa í grunnskólum.

„Úrræði handa börnum í fíkn“



„Stytta biðlista fyrir greiningu og faglega aðstoð“



SAMGÖNGUR & UMHVERFI

Barnþingmenn lögðu mikla áherslu á að strætó verði gerður gjaldfrjálts fyrir börn og ungmenni. Þá vildu barnþingmenn að strætóleiðir yrðu bættar og að meira pláss væri í strætó. Barnþingmenn vilja sjá betri samgöngur úti á landi og að vegir í dreifbýli verði lagaðir, ekki bara vegir á höfuðborgarsvæðinu. Þá var ákall á meðal barnþingmanna um að innanlandsflugvellir verði ekki færðir og að kostnaður við innanlandsflug verði lækkaður, enda þurfi mörg börn og ungmenni utan af landi að reiða sig á það. Barnþingmenn vildu þar að auki að farið væri í aðgerðir til þess að draga úr bílaumferð og fræða börn um umferðina, þ. á m. um umferðarljós, skilti og umferðarreglur. Þá vildu barnþingmenn að öryggi þeirra sem nota hjól sem samgöngutæki verði bætt, t.d. með því að gera notkun hjálma að skyldu.



„Að börn fái frítt í strætó“

„Bílar eru óþolandi“

„Betri samgöngur úti á landi“

„Auka öryggi á hjóli t.d. ef þú dettur þá blæs út púði“

„Ég ætti ekki að þurfa að borga í strætó til að fara í skólann og á æfingu þegar ég er ný orðinn 12 ára“

Barnaþingmönnum var einnig umhugað um umhverfismál. Sérstök áhersla var lögð á aðgerðir til þess að draga úr mengun jarðar, þ. á m. með því að rækta fleiri plöntur og gróðursetja fleiri tré. Barnaþingmenn vildu meiri áherslu á flokkun á rusli, t.d. að fleiri ruslatunnur væru í hverfum um allt land, að fólk yrði hvatt til þess að nota minna plast og minnka matarsóun, og að bannað væri að henda rusli í sjó. Þá var einnig rætt um að minnka neyslu á dýraafurðum.

„Ganga betur um jörðina. Dæmi: ekki skilja rusl eftir út um allt“

„Það ætti að vera meiri áhersla lögð á að vera umhverfisvænni“

„Rækta fleiri plöntur og búa til fleiri skóga“

„Nota minna plast“

PASSA UPP Á NÁTTÚRUNA



FJÖLSKYLDA & SAMSKIPTI

Mikil umræða skapaðist á milli barnþingmanna um mikilvægi fjölskyldu, vina og heilbrigðra samskipta. Barnþingmenn óska þess að öll börn eigi góða fjölskyldu og vini. Mikilvægt sé að fjölskyldur og foreldrar séu heilbrigðar fyrirmyndir sem styðji við börnin sín í gegnum lífið. Þá eigi uppeldi að vera gott og börn eigi að fá að verja meiri tíma með fjölskyldunni sinni. Þar að auki finnst barnþingmönnum að börn eigi að geta átt í góðum samskiptum við báða foreldra sína, hvort sem foreldrarnir séu í sambúð eða ekki.

„Allir eiga að hafa góða fjölskyldu sem elskar þau“

„Flestir krakkar ættu að eyða meiri tíma með fjölskyldunni sinni“

„Mér finnst mikilvægt að geta farið til beggja foreldra
(ef þau eru skilin)“

Barnþingmenn lögðu einnig áherslu á heilbrigð, jákvæð og góð samskipti. Þeim finnst að koma þurfi í veg fyrir að börn séu einmana, skilin út undan eða þeim strítt. Þá finnst barnþingmönnum mikilvægt að börnum sé kennd samkennd, kurteisi og hvernig eigi að bera virðingu fyrir öðrum. Einnig finnst þeim mikilvægt að fullorðnir hlusti á börn og virði skoðanir þeirra.

„Vera góð við hvort annað“

„Kenna meiri samkennd, virðingu og mannsiði (sem er ekki kennt jafn mikið í dag)“

„Það er mikilvægt að fullorðnir hlusti á börn þegar þau eru að tala“



SPURNINGAR BARNAPINGMANNA TIL RÁÐHERRA:

1

Af hverju er ekki meiri fjölbreytni fyrir nemendur til þess að velja námsgreinar, til dæmis skyndihjálp, tungumál og lesgreinar?

2

Gæti það verið val að fara í skólasund á unglíngastigi?

3

Af hverju er útvístartíminn svona stuttur?

4

Finnst ykkur vera nóg af bókasöfnum á stöðum þar sem nemendur geta farið og verið saman eða sjálfir að læra? Því okkur finnst það vanta og viljum vita hvernig þið getið lagað það.

5

Hvernig er hægt að bæta réttarkerfið fyrir börn og styðja þau betur eftir áföll?

6

Hvernig ætlið þið að framfylgja Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna?

7

Í fyrsta lagi, hafið þið prófað að nota strætó? Í öðru lagi, hafið þið völd til þess að gera strætó öruggari, aðgengilegri og stundvísari?

8

Hvernig er hægt að tryggja það að öll fötluð börn fái þau hjálpartæki sem þau þurfa?

9

Hvernig er hægt að passa að öll börn fái sömu athygli og virðingu frá þjálfurum óháð hvort þau eru í A eða C liði?

10

Okkur finnst mikilvægt að einkunnir í grunnskólum séu gefnar í tölum en ekki í bókstöfum. Hvernig getið þið breytt því fyrir okkur?

11

Af hverju niðurgreiðið þið ekki sálfræðitíma fyrir börn?

12

Er hægt að efla forvarnir gegn áfengi og fíknivanda, og byrja strax á miðstigi?

13

Af hverju er ekki frítt í strætó fyrir öll börn 18 ára og yngri?

14

Hvað ætlið þið að gera til þess að tryggja að við getum keypt húsnæði í framtíðinni?

15

Af hverju notum við einkunnakerfið A, B, C í 10. bekk í stað þess að nota tölustafi eins og í menntaskóla? Og hvernig eiga menntaskólar að velja úr fullt af nemendum ef allir eru til dæmis með B+?

16

Biðlistar vegna andlegrar heilsu eru of langir og börn fá ekki viðeigandi hjálp í skólum. Hvernig ætlið þið að stuðla að því að öll börn fái viðeigandi hjálp?

17

Af hverju er svona mikil verðbólga?

18

Hvers vegna er ekki verið að fylgja Barnasáttmálanum til fulls á Íslandi? Ég tek dæmi: grein 23 um fötluð börn.

19

Af hverju er ekki frístundastyrkurinn hærrí fyrir börn sem þurfa á því að halda eða að þið gerið lög um hvað félög mega rukka mikið fyrir íþróttir?

hvernig ætlið þið
að vernda trans börn?

og passa að mæður
í valdastöðu geti ekki
dreift hatursorðræðu
í sjónvarpinu?



fræða fullorðna
betur um
fjölbreytileika

breyta
einkunn-
kerfinu í
tölur

grænmetis-
mat á
skólajólum

skólinn
byrji
seinna!



börn
fái
nógan
svæfn



hvenær tókuð þið síðast strælo?



hvernig ætlið þið að framfylgja Barnasáttmálanum?

hvernig ætlið þið að tryggja að öll börn fái jafna athygli frá kjálfrum?

en sálfræðitímar fyrir börn?

en aðgengi fyrir fötlud börn?

en samræma einkunnir milli skóla?

en forvarnir gegn fíkniefnum?


HVAÐ FINNST ÞÉR??

það er ekki verið að fylgja barnasáttmálanum nógu vel!!



















Starfsfólk barnaþings 2025:

Andrea Rói Sigurbjörns

Eðvald Einar Stefánsson

Guðlaug Edda Hannesdóttir

Gísli Ólafsson

Hafdís Una Guðnýjardóttir

Nanna Birgisdóttir

Sigurveig Þórhallsdóttir

Sigyn Blöndal



**UMBOÐSMAÐUR
BARNA**

Útgefandi: Umboðsmaður barna

Teikningar: Elín Elísabet

Ljósmyndir: BIG

ISSN 2710-9615